

Heyrn býður fjölbreytt úrval dönsku ReSound heyrnartækjanna. ReSound er einn af stærstu framleiðendum heyrnartækja í heiminum. Með yfir 3000 starfsmenn er ReSound nafntogað fyrir nýjungar í tækniþróun og hönnun.



- Lánum heyrnartæki til reynslu í nokkra daga.
- Sérsmíðum, með stuttum afgreiðslufresti, hlustarstykki samkvæmt stöðlum ReSound.
- Bjóðum fjölbreytt úrval af heyrnarsíum til að hlífa heyrninni.



Heyrnarþjónusta

Opið er virka daga frá kl. 9 til 16:30
nema á þriðjud. frá kl. 9 til 18:30
Tími pantaður í síma 534 9600

_____daginn _____.____. kl. ____

NJÓTUM LÍFSINS MEÐ

BETRI HEYRN



(((HEYRN)))

Hlíðasmára 11
Kópavogi
Sími: 534 9600
heyrn@heyirn.is
heyirn.is

Hlíðasmári 11

Heyrnarþjónusta



Hjá Heyrn er veitt sérhæfð þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu. Heyrnarfræðingur sér um heyrnargreiningu og hefur umsjón með úthlutun og eftirfylgni heyrnartækja. Heyrnarfræðingurinn leggur áherslu á

fagmennsku, persónulega ráðgjöf og góðan tíma fyrir endurhæfingu og leiðbeiningar um notkun heyrnartækja.

Heyrnarfræðingur



Ellisif Katrín Björnsdóttir eigandi Heyrnar er heyrnarfræðingur (audionom), menntuð við Gautaborgarháskóla og hefur hlotið löggildingu sænskra heilbrigðisyfirvalda. Hún hefur starfað frá árinu 2002 hér á landi við heyrnarmælingar og ráðgjöf í sínu fagi.

Heyrnarmælingar



Boðið er upp á nákvæmar heyrnarmælingar en þær eru grundvöllur að vali og stillingu heyrnartækja. Hljóðmeðhöndlun heyrnartækja er sniðin til með nýjustu tölvutækni og látin falla að heyrnarriti og hljóðumhverfi þess sem notar tækin.

Heyrnartæki



Úrval af dönskum **ReSound** gæðaheyrnartækjum. Tækin eru af ýmsum gerðum s.s. lítil bak við eyru með opnum tengingum eða hefðbundin með hlustarstykkjum, einnig mismunandi stærðir inn í eyru

og heimsins minnstu tæki sem hverfa inn í hlustirnar.

be by ReSound eru einu stöðluðu heyrnartækin sem hverfa inn í hlustir en hljóðnemar fara í krika fyrir ofan hlustirnar og nýta eyrun við að fanga hljóðið. Þessi tenging tækja við eyru er nefnd **innfelld, opin tækni (IOT)**. Það loftar með tækjunum í hlustunum þannig að sá sem er með þau finnur varla fyrir þeim. Hvort tæki vegur aðeins **1,1 g** með rafhlöðu! Þau eru öflug og henta fyrir væga eða meðalheyrnarskerðingu. **be** yngja heyrnina án þess að breyta útliti manns. **be** eru einnig sérsníðuð. Þegar hljóðneminn er fluttur úr hefðbundnu inn í eyra tæki og settur í krika í ytra eyranu minnkar tækið og fellur betur í eyrað. Einnig loftar betur um tækin og þau geta magnað meira.



ReSound AZURE eru ein bestu og fullkomnustu heyrnartækin sem framleidd eru í dag. Við þróun þeirra var byggt á niðurstöðum fjölþættra rannsókna á því hvernig



mannsheilinn vinnur úr hljóðum. Útkoman eru heyrnartæki sem efla heyrn á eðlilegan hátt. Það eina sem notandinn á að finna þegar hann setur þau upp er að hann heyri betur. Eru mjög fjölbær og henta fyrir nær allar gerðir heyrnarskerðingar. Þráðlausu **Bluetooth símtóli** má smella á **AZURE**.

ReSound dot eru ein fín-gerðustu tækin sem völ er á, þau eru vinsæl og reynast mjög vel. Með þeim er komin fram róttæk umbót bæði á stærð og virkni heyrnartækja. Byltingarkennd hönnun sameinar það að tækin eru næstum ósýnilegt og að notandinn finni varla fyrir þeim. Vinir og starfsfélagar, þess sem notar dot, taka aðeins eftir minni misskilningi og meiri samskiptum.



ReSound Ziga heyrnartækin byggja á samefningu til að þau vinni sem best og séu sparneytin. Rafhlaðan endist í um mánuð. Með Ziga getur maður vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt vegna þess að þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans.



ReSound Plus5 eru hagkvæm, góð tæki með marga eiginleika sem eingöngu finnast í mun dýrari tækjum hjá öðrum framleiðendum.

Sjá nánari upplýsingar á www.heyrn.is

